


# Málþroskaröskun og leiðir til aðstoðar

Eva Engilráð, talmeinafræðingur

Vorráðstefna

12.05.2022

Ráðgjafar- og greiningarstöð

# Taugafræðileg röskun



- Málþroskaröskun (Developmental Language Disorder) er taugaþroskaröskun líkt og ADHD og einhverfa.
- Málþroskaröskun hefur áhrif á málskilning og máltjáningu.
- Málþroskaröskun (DLD) er þegar einstaklingur fylgir ekki aldursbundnum viðmiðum í málþroska t.d. hvað varðar orðaforða, málskilning, málfræði og aðra þætti sem falla undir aldursbundna málfærni.
- Málþroskaröskun fylgir einstaklingum alla ævi.

# Tölulegar upplýsingar

- DLD er mun algengara en fólk heldur.
- DLD er fimm sinnum algengara en einhverfa.
- DLD er svipað algengt og lesblinda og ADHD.
- DLD getur verið ættgeng.
- DLD er mjög falin röskun.
- Um 7% fólks eru með DLD.



# Eða...



# tveir í hverjum bekk



# Einkenni málþroskaröskunnar (DLD)

- Slök heyrnræn úrvinnsla.
- Slakur málskilningur.
- Fátæklegur orðaforði.
- Orðminniserfiðleikar.
- Stuttar og einfaldar setningar.
- Slök mál- og beygingarfræði.
- Erfiðleikar við að segja frá á skipulagðan hátt.
- Erfiðleikar í félagslegum samskiptum.
- Sýna minna frumkvæði í tali.

# Vinátta og samskipti við jafnaldra

- Eiga oft erfitt með að eignast vini.
- Eiga erfitt með að halda þræði í samskiptum.
- Aðrir skipta of ört um umræðuefni.
- Erfitt að fylgjast með.
- Skilja ekki slangur, brandara og orðaleiki.
- Stjórna vinahópi.
- Draga sig í hlé.



# Námið

- Erfitt að fylgja flóknum og margra þátta fyrirmælum.
- Nýr orðaforði.
- Eiga erfitt með að halda sama hraða og samnemendur.
- Orðminniserfiðleikar gera erfitt fyrir.
- Eru sjónræn.
- DLD hefur áhrif á lestur, skrift

og að læra.



# Falin röskun

- Einstaklingar með DLD eru stundum mjög færir að fela það að eiga erfiðleika með málið.
    - Eru stundum snillingar í að fela erfiðleikanna.
    - Lesa í aðstæður og fylgja öðrum
    - Tekur frá þeim orku og eru þreyttir eftir skóladaginn.
    - Fá köst heima og hafa enga orku í að læra heima.
    - Gott að vera í íþróttum þar sem þú þarft ekki að tala mikið og kannt orðaforðann.



# Unglingar með DLD útskýra sjálf

- „Stundum er eins og maður sé í öðrum heimi en allir aðrir.“
- „Þér finnst þú ekkert vera öðruvísi þangað til að þú þarft að vinna verkefni.“
- „Fólk sér ekki á manni að maður eigi erfitt með skilning eða að tala. Það er erfitt.“
- „Að muna ekki eða að finna ekki orðið en geta lýst því. Það getur verið pirrandi“
- „Það er gott að aðrir viti hvað DLD er svo að það sé hægt að hjálpa okkur og að skilningur sé til staðar.“



# Úrræði




- Mikilvægt að krakkarnir öðlist innsýn í eigin vanda.
- Að þau viti styrkleika sína og flétta þeim inn í vinnu með málþroskann.
- Hrósa þeim markvisst t.d. *„þetta var flott útskýrt hjá þér“* eða *„þessi setning var mjög flott“.*
- Að efla orðforða og byrja með vinnu í kringum áhugamál eða annað sem vekur áhuga.
    - Lesa sér til um áhugamál og æfa sig að læra ný orð.
    - Að læra ný orð, þurfa krakkarnir að fá útskýringu á orðinu, sjá mynd af því ef það er hægt, nota það í setningu og nota það í daglegu tali.
    - Orð vikunnar, 2-3 og nota þau óspart þá vikuna.
    - Orðakrukku með allskonar orðum eru ofan í henni og draga eitt á dag. Bæði heima og í skóla.
    - Hlusta meira á íslenskt mál t.d. Hljóðbækur eða podköst.
    - Kenna þeim að búa til hugakort og vinna þannig með orðaforða í kringum ákveðið þema.
    - Efla yfir og undirheiti t.d. nefndu eins mörg faratæki og þú getur. Skrifa niður. Koma með fleiri flokka í faratæki á landi, sjó og himni.

# Að bæta við orðaforðann

Læra ný orð.

Útskýring.

Mynd.

Setningar.

Í daglegu tali.

Geyma og fara yfir.

Endurtekningar.

Festa í minni.

# Steypireyður

steypireyður

All · Images · Videos · Maps · News · More · Tools

About 16,300 results (0.90 seconds)

Tip: Search for **English** results only. You can specify your search language in Preferences

https://is.wikipedia.org › wiki › Stey... · Translate this page



Steypireyður - Wikipedia, frjálsa alfræðiritið

**Steypireyður** (fræðiheiti: Balaenoptera musculus), einnig kölluð bláhvalur er skíðishvalur og er tegund í ættkvíslinni Balaenoptera (reyðar).

Tegund: Steypireyður (B. musculus) Ætt: Reyðarhvalir (Balaenopteridae)

Lýsing · Útbreiðsla og hegðun · Neðanmálsgreinar

https://www.ni.is › mammalia › cetacea · Translate this page



Steypireyður (Balaenoptera musculus ...

Oct 12, 2018 — **Steypireyður** er stærsta dýrategund jarðar og getur orðið um 30 metra löng og vegið 190 tonn. Hún er fremur grannvaxin og straumlínulaga, með ...

http://www.hvalasafn.is › steypireydur · Translate this page

Steypireyður - Hvalasafnið á Húsavík

**Steypireyður** (Balaenoptera musculus). Lengd. 22-33 m. Þyngd. 110-190 t. Blástur. 6-12 m. Öndun. 10-30 mín. Köfun. 50-100 m. Fæða. svifläg krabbadýr.

Fæða: sviflæg krabbadýr




Blue whale (Steypireyður)

Animal

The blue whale is a marine mammal and a baleen whale. Reaching a maximum confirmed length of 29.9 meters and weighing up to 199 metric tons, it is the largest animal known to have ever existed. The blue whale's long and slender body can be of various

- Steypireyður er stærsta spendýr jarðar og stærsta dýrategund sem hefur lifað á jörðinni. Fullvaxnir geta steypireyðir orðið rúmlega 30 metrar að lengd. Þeir geta orðið allt að 150 tonn á þyngd, kvenkynið verður allt að 200 tonn með afkvæmi.

- Steypireyður er stærsta spendýr jarðar og stærsta dýrategund sem hefur lifað á jörðinni.
- Fullvaxnir geta steypireyðir orðið rúmlega 30 metrar að lengd.
- Þeir geta orðið allt að 150 tonn á þyngd, kvenkynið verður allt að 200 tonn með afkvæmi.



- Steypireyður er stærsta spendýr jarðar og stærsta dýrategund sem hefur lifað á jörðinni.


preview.wheelofnames.com
New
Open
Save
Share
Customize
Fullscreen
More
Close ad
Rúmlega
Fullvaxa
Tegund
Afkvæmi
Steypireyður
Spendýr
Entries 6
Shuffle
Sort
Steypireyður
Spendýr
Tegund
Fullvaxa
Rúmlega
Afkvæmi
Version 202


Close ad
Rúmlega
We have a winner!
Spendýr
CLOSE
REMOVE
Steypireyður

# Úrræði




- Mikilvægt að krakkarnir öðlist innsýn í eigin vanda.
- Að þau viti styrkleika sína og flétta þeim inn í vinnu með málþroskann.
- Hrósa þeim markvisst t.d. *„þetta var flott útskýrt hjá þér“* eða *„þessi setning var mjög flott“.*
- Að efla orðforða og byrja með vinnu í kringum áhugamál eða annað sem vekur áhuga.
    - Lesa sér til um áhugamál og æfa sig að læra ný orð.
    - Að læra ný orð, þurfa krakkarnir að fá útskýringu á orðinu, sjá mynd af því ef það er hægt, nota það í setningu og nota það í daglegu tali.
    - Orð vikunnar, 2-3 og nota þau óspart þá vikuna.
    - Orðakrukku með allskonar orðum eru ofan í henni og draga eitt á dag. Bæði heima og í skóla.
    - Hlusta meira á íslenskt mál t.d. Hljóðbækur eða podköst.
    - Kenna þeim að búa til hugakort og vinna þannig með orðaforða í kringum ákveðið þema.
    - Efla yfir og undirheiti t.d. nefndu eins mörg farartæki og þú getur. Skrifa niður. Koma með fleiri flokka í faratæki á landi, sjó og himni.

# Hugarkort (mind maps)






# Úrræði




- Mikilvægt að krakkarnir öðlist innsýn í eigin vanda.
- Að þau viti styrkleika sína og flétta þeim inn í vinnu með málþroskann.
- Hrósa þeim markvisst t.d. *„þetta var flott útskýrt hjá þér“* eða *„þessi setning var mjög flott“.*
- Að efla orðforða og byrja með vinnu í kringum áhugamál eða annað sem vekur áhuga.
  - Lesa sér til um áhugamál og æfa sig að læra ný orð.
  - Að læra ný orð, þurfa krakkarnir að fá útskýringu á orðinu, sjá mynd af því ef það er hægt, nota það í setningu og nota það í daglegu tali.
  - Orð vikunnar, 2-3 og nota þau óspart þá vikuna.
  - Orðakrukku með allskonar orðum eru ofan í henni og draga eitt á dag. Bæði heima og í skóla.
  - Hlusta meira á íslenskt mál t.d. Hljóðbækur eða podköst.
  - Kenna þeim að búa til hugakort og vinna þannig með orðaforða í kringum ákveðið þema.
  - Efla yfir og undirheiti t.d. nefndu eins mörg faratæki og þú getur. Skrifa niður. Koma með fleiri flokka í faratæki á landi, sjó og himni.

# Úrræði frh.



- Lestur er mikilvægur til að efla orðaforða og skilning.
    - Hægt að hlusta á hljóðbók á meðan þau lesa bókina sjálfa.
    - Mikilvægt að velja bækur sem henta getustigi einstaklingsins. Athuga með söguþráð, línubil og kaflalengdir.
    - Horfa á kvikmyndir sem hafa verið gerða úr bókum og lesa bókina á eftir. Þá er skilningur á söguþræði til staðar og auðveldara að lesa bókina.
    - Að lesa saman bók. Þá skapast sameiginlegur grundvöllur.
    - Lesa sér til fróðleiks t.d. vísindavefurinn eða fræðslubækur ( t.d. 30 hættulegustu dýrin)
    - Rannsóknir hafa sýnt að því fleiri bækur eru á heimilinu og því meira sem foreldrar lesa hafi góð áhrif á börnin. Þau sækjast sjálf meira í bækur.

# Vísindavefurinn

- Skemmtilegur og fróðlegur
- Hægt að nota til að fá hugmyndir af texta til að vinna með.
- Föstudagssvar

FÖSTUDAGSSVAR

**Hvað er kósí?**

FÖSTUDAGSSVAR

**Hvers vegna eru menn með úfið hár svona góðir stjórnendur sinfóníuhljómsveita?**

FÖSTUDAGSSVAR

**Hvað er að vera alveg kexruglaður?**

# Úrræði frh.



- Mikilvægt að foreldrar og skóli vinni saman.
  - Foreldrar geta fengið upplýsingar frá skólanum hvaða verkefni er verið að vinna að og aðstoða þau við það bæta við orðaforða og skilning á viðfangsefninu.
  - Kenna þeim að strika undir aðalatriði í texta í námsbókum og verkefnum.
  - Að börnin fái að sitja framarlega í bekknum og að vera viss um að krakkarnir viti til hvers er ætlast að þeim. Einstaklingsfyrirmæli.
  - Sjónrænn stuðningur.
  - Fá lengri próftíma.
  - Huga að hvaða hlutverki einstaklingur með DLD er með í hópverkefni. Að hann hafi hlutverk sem hann getur sinnt.

# Úrræði frh.



- Spila saman. Hvert spil inniheldur reglur sem reynir á rökhugsun og ákveðin orðaforða.
- Fara í leiki eins og hver er maðurinn eða hver er hluturinn. Jafnvel þrengja flokkinn enn meira t.d. hvert er nammið eða hver er íþróttin?
- Efla þau í frásögn.
    - Spyrja alla fjölskyldumeðlimi við kvöldmatinn að segja frá einhverju skemmtilegu sem þau gerðu yfir daginn.
    - Fá þau til að lesa um eitthvað og segja frá því. T.d. vísindavefurinn eða fréttir.
    - Foreldar sýna fyrirmynd í samskiptum með því að spjalla við barnið. Barnið hefur þá meiri löngun í að segja foreldrum frá og eflist þá í frásögn.

# Spil

- Spil eru snilld!
- Hvað gerist þegar við spilum?

  - Samskipti
  - Skiptast á
  - Orðaforði
  - Endurtekningar
  - Vinna af ákveðnu markmiði
  - Rökhugsun
  - Hugsa nokkur skref fram í tímann.

# Lykilatriði við að spila með einstaklingum með DLD

- Einfalda?
- Þyngja seinna þegar grunnskilningur er kominn.
- Velja réttu spilin.
- Vera þolinmóð.
- Spila spilin oft - endurtekningar.

# Concept junior





# Nefndu þrennt









# Skjaldbökuspilið






# Ticket to ride



- Samskipti
- Orðaforði
  - Borgir
  - Lönd
  - Eimreið og fleira lestatengt
- Skipuleggja markmið
- Útfæra markmið
- Hugsa nokkur skref áfram
- Endurtekningar

# Heimasíður

Fræðsla

- dldandme.org
- radld.org
- malefli.is
- understood.org
- mml.reykjavik.is/

Úrræði

- kennarinn.is
- 100ord.is
- visindavefur.is
- ordla.us
- fraedsluskot.wixsite.com/heim/ordathrenna
- www1.mms.is/malid/
- tilvitnun.is/




Takk fyrir
mig

# Spila sem henta fyrir málörvun

- Hafa þarf í huga að sum spilin á að spila hratt en það hentar ekki einstaklingum með málþroskaröskun (DLD) en þá er gott að aðlaga spilin að getu barnsins. Hvert spil inniheldur ákveðin orðaforða tengt þema sem er verið að nota í spilinu. Að spila tveir eða fleiri saman eflir samtals- og frásagnagetu barna.

- Taco, Köttur, Geit, Ostur, Pizza – (8 ára og eldri) – orðminni.

- Ticket to ride – (8 ára og eldri) orðaforði og rökhugsun.

- Just one – (8 ára og eldri) samvinnuspil en hægt að spila tveir saman en þá gefur leikmaður fleiri en eina vísbendingu. Spilið gengur út á það að gefa vísbendingar til að finna rétta orðið. Gott fyrir orðaforða og orðminni.

- Krakkakviss – (6 ára og eldri) spurningaspil fyrir krakka og fullorðna. Skemmtilegt fjölskylduspil. Út frá spurningum er hægt að ræða um svörin eða spurninguna frekar og dýpka orðaforða og skilning.

# Spila sem henta fyrir málörvun frh.

- Orðheppni – (8 ára og eldri) reynir á orðaforða og orðminni. Erfitt spil sem hægt er að einfalda.
- Út fyrir kassann – (6 (í það yngsta) og eldri) spurningar sem þjálfa samræður og einnig til að þjálfa orðaforða (hvað þýðir að vera þakklátur). Dæmi um spurningar; Fyrir hvað ertu þakklát/ur?
- Orðaleit – (7 ára +) orðaforði, lestur og athygli. Hægt að vinna út frá orðunum setningar eða sögur.
- Tímalína – (8 ára og eldri) raða atburðum í rétta röð. Það eru til mismunandi útgáfur t.d. Uppfinningar, atburðir o.fl. Eflir orðaforða, þekkingu og samskipti. Út frá hverju atburði er hægt að ræða hann frekar og jafnvel google-a meira um hann.

# Spila sem henta fyrir málörvun frh.

- Speedy Words – (6 ára og eldri) finna orð eða hlut sem passar við hugtak og staf. Til dæmis, borg og stafurinn L gæti verið London. Eflir orðaforða og þekkingu. Ef barnið þekkir ekki orðið sem hinn segir þarf að staldra við og útskýra frekar og endurtaka. Gott að spila hægt og æfa orðaforðann.
- Brain storm – (12 ára og eldri) að sameina tvær myndir sem getur myndað eitt orð. Flókið en skemmtilegt og reynir mikið á orðaforðagetu barna.
- Bananagrams – orðaspil þar sem á að setja saman stafi og mynda orð. Börn þurfa að vera læs til að spila þetta spil.
- Kaleidos (gult) – (10 ára og eldri) orðaspil þar sem leitað er af hlutum sem byrja á ákveðnum bókstaf. Eflir orðminni.
- Nefndu þrennt – (8 +) hraðaspil en hægt að  nota án þess að taka tímann. Eflir svörun og orðaforða.

# Spila sem henta fyrir málörvun frh.

- Ég veit – (12 ára og eldri) eflir nefnihraðan og orðminni. Hvað getur þú talið upp marga hluti á sem stystum tíma. Hér er líka hægt að nota ekki við tíma heldur fjölda og telja upp t.d. þrjá eða fimm. Dæmi: hvað getur þú nefnt margar kvikmyndastjörnur.
- Segðu – (8 ára og eldri) lýsa frægum persónum. Hér er hægt að fræðast um persónur og nota hugtök og orð til að lýsa persónum. Þarna þarf að vera ákveðin þekking til staðar um frægar persónur eins og Drakúla og Elvis Presley.
- Brain freeze – krakka – 10+ eflir nefnihraðan og orðminni.
- Unanimo – 7+ eflir nefnihraðan og orðminni.

# Bækur fyrir börn og unglinga með DLD

- 6-12 ára

- Tommi Teits – stórt letur og gott línubil
- (Lang)elstur í bekknum e. Bergrúnu Írisi.
- Handbók fyrir Ofurhetjur, bókaflokkur.

# Bækur fyrir börn og unglinga með DLD frh.

- 9-13 ára

- Orri Óstöðvandi e. Bjarna Fritz – stórt letur og gott línubil
- Ferðin á heimsenda e. Sigrúnu Elíasdóttur (3 bækur) – gott letur og línubil.
- PAX – bókaflokkur, gott línubil og myndir
- Óvættaför – bókaflokkur, gott línubil, hæfilega langar.
- Verstu kennarar í heimi e. David Walliams. Tíu sögur í bókinni. Fleiri bækur eftir höfundinn og kvikmyndir gerðar frá bókunum t.d. Strákurinn í kjólnum, Miðnæturgengið, Amma glæpon. Langar bækur. Gott að lesa saman.
- Kiddi Klaufi. Bókaflokkur, margar bækur.
- Nærbuxnaþríleikurinn e. Arndísi Þórarinsdóttur.
- Kennarinn sem hvarf, Kennarinn sem kveikti í og Kennarinn sem hvarf sporlaust e. Bergrúnu Írisi. Gott línubil, myndir og orð útskýrð.
- Ofurhetjan og Ys og þys út af engu e. Hjalta Halldórsson.

# Bækur fyrir börn og unglinga með DLD frh.

- 13 ára og eldri

- Hungurleikarnir – þykk bók. Hægt að hlusta og lesa á meðan. Hægt að horfa á mynd á undan og lesa svo bók eftir á.
- Afbrigði – þykk bók. Hægt að hlusta og lesa á meðan. Hægt að horfa á mynd á undan og lesa svo bók eftir á.
- Rotturnar e. Ragheiði Eyjólfsdóttir
- Rökkurhæðir e. Birgittu Elín og Marta Hlín – stuttar bækur, gott línubil. Aðalpersóna 14 ára stelpa. Bókaflokkur
- Ljónið e. Hildi Knútsdóttur. Aðalpersóna er stelpa sem er að byrja í fyrsta bekk í menntaskóla.
- PAX – bókaflokkur, gott línubil og myndir

# Bækur fyrir börn og unglinga með DLD frh.

- 13 ára og eldri

- Skrifað í stjörnurnar e. John Green – til kvikmynd sem hægt er að horfa á á undan eða eftir. Fleiri bækur eftir John Green
- Augað og fleiri bækur eftir Hallveigu Thorlacius. Dagbókarstíll, stuttir kaflar. Aðasöguhetja 14 ára stelpa í Hagaskóla.
- Kennarinn sem hvarf, Kennarinn sem kveikti í og Kennarinn sem hvarf sporlaust e. Bergrúnu Írisi. Gott línubil, myndir og orð útskýrð.
- Kepler 62, bókaflokkur, fantasía, myndir. Aðalpersóna Ari 13 ára gamall og litli bróðir hans og tölvuleikur.
- Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins e. Snæbjörn Arngrímsson. Stuttir kaflar.
- Ofurhetjan og Ys og þys út af engu e. Hjalta Halldórsson.
- Þín eigin….. e. Ævar Þór Benediktsson. Mikill og þungur orðaforði. Góð til að lesa saman og flakka um bókina.

# Bækur fyrir börn og unglinga með DLD frh.

- **Teiknimyndabækur**

- Syrpan – Andrés Önd- vel þýddar og góður orðaforði.
- Lúkas – unglingsstrákur sem æfir fótbolta
- Seiðfólkið (13 ára og eldri) – stórt letur, myndir
- Goðheimar
- Drakúla
- Landverðirnir

- **Fræðslubækur**

- Ripley´s Ótrúlegt en satt.
- 30 hættulegustu dýrin
- 30 dýr í útrýmingarhættu
- 15 hörmuleg stórslys